

Útdráttur

Í þessari ritgerð hefur höfundur unnið viðbúnaðar- og viðbragðsáætlun fyrir leikskólann Suður-Vík, byggða á þekkingu á eðli eldstöðvar undir Mýrdalsjökli sem ber heitið Katla. Jarðfræði hennar og saga fyrri gosa hefur gert yfirvöldum kleift að hanna viðbragðs- og viðbúnaðaráætlanir sem grípa þarf til ef/þegar gos í Kötlu hefst. Slíkar áætlanir ná hinsvegar nær einungis til ytra umhverfis, en ekki innra skipulags stofnanna á borð við leikskóla sveitarfélagsins.

Náttúruvegurinn í Mýrdalnum er einstök og íbúar svæðisins öfundsverðir af búsetu sinni. En þrátt fyrir friðsæld og stóíska ró, sem oft er sögð einkenna Skaftfellinga, vita Mýrdælingar vel af ógninni sem þeir búa við. Þessi ógn er sú, að undir jöklinum sem yfir sveitinni gnæfir, kraumar eldstöðin Katla. Eldstöðin á sína sérstöku jarðfræðisögu og samkvæmt gossögu hennar getur hún gosið hvenær sem er. Vísindamenn fylgjast vel með hegðun eldstöðvarinnar og gera viðvart ef vart verður við óróleika innan hennar sem benda til goss. Þá fara í gang hinar ýmsu áætlanir á vegum stjórnvalda, til að auka öryggi íbúa svæðisins við slíkar náttúruhamfarir. Sú ógn sem stafar af því að búa í nágrenni Kötlu má ekki gleymast og viðbúnaður og fræðsla fyrir hverja kynslóð þarf að vera í örri þróun. Íbúum til hægðarauka í því starfi hefur sú kynslóð sem uppi var við síðustu gos skráð greinargóðar lýsingar á fyrri gosum, sem kynslóðin sem tekin er við núna getur nýtt sér við viðbúnaðarstörf á svæðinu. Síðast varð gos í Kötlu árið 1918 og er í dag árið 2007, talað um, að það sé komin tími á næsta gos. Nýverið fór fram æfing á þeim viðbúnaði sem í gang fer ef gos virðist yfirvofandi og við þá vinnu sá höfundur vankanta á viðbúnaði innan leikskóla byggðarlagsins og ákvað því til bóta, að vinna að gerð viðbúnaðar- og viðbragðsáætlunnar fyrir leikskólann. Einnig vann höfundur þema- verkefni í leikskólanum í góðu samstarfi við björgunarsveit staðarins, til að kynna börnunum þá aðila sem munu verða mest áberandi ef kemur til viðbúnaðar- og hættustigs í þorpinu. Það er mat höfundar að nauðsynlegt sé að viðhalda reglulegu viðbúnaðarstarfi meðal íbúa svæðisins. Sífellt kemur ný kynslóð þessara íbúa, sem þarf að tileinka sér það að búa með eldstöðina Kötlu í miklu návígi.

Abstract

The author of this essay has structured and developed an emergency plan for the playschool Suður-Vík, based on the information available about the nature of the volcano Katla in glacier Mýrdalsjökull. Information about Katla's geological aspects and the history of its eruptions has helped the government to draw up emergency plans and make preparations for the next big eruption. However, such generic emergency plans don't cover how specific internal emergency plans, like in the playschool, should be carried out.

The landscape and nature of the municipality Mýrdalur is breath-taking and its inhabitants can surely be envied for living there. But despite carefree atmosphere and the inner poise that often is said to be characteristic of the people in this county, the people in this area are fully aware of the danger hiding nearby. It's the danger of an active volcano buried underneath the ice of Mýrdalsjökull, a glacier that towers over the farms and the village Vík. The volcano has a unique geological history and according to that it is soon time for yet another eruption. Scientists monitor the activity in and around the volcano

very closely and will raise an alarm if an eruption is about to begin. Authorities will then carry out actions according to emergency plans, to secure the health and lives of the inhabitants in the affected area. The hazard involved in living so close to Katla must not be underestimated and preparations and coaching for each generation need to be regularly updated. The older generations, who remember the last big eruption in Katla, have documented the events, which is very helpful for the younger generations to understand what to expect in case of an eruption.

Katla hasn't erupted since 1918 and it is thought that it's long overdue by now. A major drill was held in the area recently, where reactions to an eruption were practiced. As a participant in the drill, the author of this essay discovered some flaws in the emergency plans regarding the playschool of Mýrdalur and therefore decided to design a special emergency plan for the playschool. She also did some theme projects with the children and the local Search and Rescue Team, in order to make the children familiar with those who will be prominent during the crisis in the village, caused by the volcanic eruption. In her opinion, it's necessary to revise preparations regularly and update and inform each generation to minimize the trauma that such an event can be for the youngest generations.